

Kvennalistinn og EES

Stefnan óbreytt en mismunandi sjón- armið viðurkennd

Selfossi.

ANDSTAÐA Kvennalistans við EES og EB var áréttuð á landsfundislistans á Laugarvatni um helgina og minnt á að ákvárdanir landsfundarins væru stefnumarkandi fyrir starfsemi hans innan þings sem utan. Áhersla er lögð á að ekki er gerð krafa til kvennalistakvenna að þær greiði atkvæði gegn eigin sannfæringu. Þetta kemur fram í ályktun landsfundarins um afstöðuna til EES.

Á landsfundinum komu fram skiptar skoðanir varðandi afstöðuna til EES. Ingibjörg Sólrun Gísladóttir talaði fyrir jákvæðari afstöðu gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu en Kristín Ástgeirs dóttir formaður þingflokkks Kvennalistans í trekaði ein-dregna andstöðu við samninginn.

Ingibjörg Sólrun sagði ályktunina frá landsfundinum eins og búast hefði mátt við. „Ég gerði ekki kröfu um kívendingu í afstöðu Kvennalistans. Ég óskoði eftir umræðum og að það yrði viðurkennt að sú rödd ætti heima innan Kvennalistans sem væri ekki jafn gagnrýni og yfirlýst afstaða. Að Alþingi er ég fulltrúi og þarf að taka tillit til þess. Ég er efnis-lega á þeiri skoðun að fara EES-leiðina í samskiptum við EB en það er ótalmargt í tengslum við EES-samninginn sem ég er ekki sátt við, svo sem stjórnarskrárpáttinn og fisk-veiðimálín,“ sagði Ingibjörg Sólrun.

„Ég er ánægð með að sameiginleg niðurstaða náðist og að afstaða Kvennalistans til EES og EB er óbreytt,“ sagði Kristín Ástgeirs dóttir. „Þingflokkurinn á eftir að taka afstöðu til þess hvernig tekið verður á málínun á þingi og hvernig sjónarmið Kvennalistans verða túlkuð. Talsmaður okkar í utanrökismála-nefnd er á annari skoðun og það vekur margar spurningar og er meðal þess sem við eignum eftir að ræða. Mér finnst að talsmaður þingflokkssins í þeiri nefnd verði að gæta sann-girni gagnvart mismunandi sjónarmiðum okkar,“ sagði Kristín Ástgeirs dóttir.

Ókunnu fólk, fengið að hringja og komið þannig skilaboðum til Björns Halldórssonar um að hinn ákærði væri einn í bíl með allt fíkniefnið við Sundlaugarnar en þar hófst svo eftir-förin þegar lögreglumenn reyndu að handtaka ákærða.

Í gær voru einnig yfirheyrðir tveir þeirra lögreglumanna sem reyndu að handtaka ákærða á bílastæðinu við Sundlaugina í Laugardal og tóku þátt í eftirförrinni sem leiddi af þeirri tilraun. Eftirförrinni lauk með því að eins og kunnugt er að bíl ákærða var ekki aftan á lögreglubíl á Vesturlandsvegi með þeim afleiðingum að eldur gaus upp í lögreglubílum og annar lögreglumannanna sem í honum voru hlaut lífshættulega og varanlega áverka. Ákærða er síðan gefið að sök að hafa lagt til eins lögreglumannanna með skærum.

Í málí annars lögreglumannanna kom fram að hann teldi að ákærði hefði ekki viðstöðulaust aftan á lög-reglubílinn án þess að gera tilraun til að stöðva eftir að hafa skömmu áður tvívegis ekki í hlið ómerkts lög-reglubíls sem ók með aðvörunarljós-um samhliða flóttabílum. Mennirnir lýstu eftirförrinni á 130-160 km/klst hraða frá Sundlaugunum og upp í Mosfellsbæ þar sem henni lauk með árekstrinum og síðan átökum við ákærða þegar hann var handtekinn en við það var meðal annars beitt táragasi. Í málí þeirra kom fram að ákærði hefði reynt að verjast hand-tóku með því að segjast vopnaður byssu sem hann mundi beita en síðan hefði hann veist að öðrum lögreglumannanna með skæri á lofti. Hvorugur lögreglumannanna vissi til að ákærða hefði verið gert grein fyrir réttindum sínum við handtóku og hvorugur kvaðst vita til að að hann hefði sett óþarfa harðræði eða hótunum um ofbeldi eftir handtókuna.

Konur eru ekki varavinnuafli

Í ályktun um atvinnumál benti landsfundurinn á að skráð atvinnuleysi gefi ekki rétta mynd þar sem stórir hópar fólkis eigi ekki rétt á atvinnuleysisbóturnum og séu því ekki á skrá. Einnig er lögð áhersla á að koma verði í veg fyrir að konur séu meðhöndlaðar sem varavinnuafli og ýtt út af vinnumarkaðinum.

Kvennalistinn bendir á nokkur úrræði í atvinnumálum sem stjórvöld geti gripið til og nefnir að aukin samfélagsþjónusta sem stjórvöld geti gripið til og að aukin samfélagsþjónusta sé ekki síður arðbær en vegavinna, bygging barnaheimila og þjónustusþúða fyrir aldraða sé mjög hagkvæm og að semja eigi um styttingu vinnutímans til að draga úr fjöldauppsögnum. Stórefla eigi rannsóknar- og prúunarstarfsemi, auka endurmenntun, efla atvinnupróunar-félög og ráða til þeirra konu sem atvinnuráðgjafa. Lækka þurfi orku-verð til fyrirtækja, lækka vexti, auka fé til ferðaþjónustu, efla rannsóknir á visthæfri framleidslu og hvetja fyrirtæki til slíkrar starfsemi. Loks er áhersla lögð á að efla frumkvæði og efnahagslegt sjálfstæði kvenna varðandi eigin atvinnusköpun.

Auka þarf fullvinnslu aflu

Í sjávarútvegsmálum er lögð áhersla á endurskoðun fiskveiðistefnunnar og lagt til að byggðakvóti óbundinn skipum verði tekinn upp. Í einstökum málum sjávarútvegsins vill Kvennalistinn að togveiðiland-helgin verði hvergi minni en 12 milur, aflu verði landað hér á landi og hann veginn á löndunarstað, mark-vissar rannsóknir verði teknar upp í fiskeldi og lúðueldi, starfsemi afla-nýtinganeftnar verði studd og áhersla lögð á frekari fullvinnslu aflu hér á landi ásamt því að jafna kostnað og aðstöðu vinnslu á sjó og í landi.

Peir ríku borgi

Í ályktun um ríkisfjármál er lögð áhersla á að bregðast við vandanum strax. Varað er við handahófskenndum niðurskurði en áhersla lögð á að forgangsaðra verkefnum með framtíðarsýn í huga. Til tekjuöflunar er bent á hert eftirlit með skattsvíkum, hátekjuskattu, lúxusskattu og skatta á fjármagnstekjur. Lögð er þung áhersla á að þær aðgerðir sem gripið verði til bitni ekki á þeim sem verst hafa kjörin en að þeir sem mest bera úr býtum borgi eins og þeir hafi efti til. Þá lýsir Kvennalistinn sig reiðubúinn til viðræðna við aðila vinnu-markaðarins og stjórnálflokkana um leiðir til lausnar á þeim erfiðleikum sem við blasa.

Varðveisla umhverfis er öryggismál

Í öryggismálum er aðaláhersla Kvennalistans á nýja skilgreiningu sem byggir á varðveislu umhverfis fremur en hernaðarstyrk. Það kalli á nýjar aðferðir til að tryggja sameiginlegt öryggi. Í því sambandi leggur landsfundurinn áherslu á mikilvægi Sameinuðu þjóðanna og Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu en hafnar sem fyrir hernaðar-bandalögum.

Frá landsfundinum voru sendar kveðjur til Suðurnesjakvenna þar sem minnt er á sérstöðu kvenna og að þær séu ekki síðri fyrirvinnur en karlar.

Sig. Jóns.